

# BSRB TÉBENDI

MÁJ 2013

I. TÖLUBLAD 22. ÁRG



BSRB



# Mikilvægi starfa í almannajónustu

Margir horfa nú fram á veginn með bjartari augum en áður. Síðustu ár hafa verið okkur Íslendingum erfið enda einkennst af niðurskurði, atvinnuleysi og skammtímalausnum sem ekki verður unað við lengur.

Þrátt fyrir erfiða tíma höfum við þó alltaf reynt að hafa grunnildin sem við byggjum samfélag okkar á að leiðarljósi. Gildin um jöfnuð, réttlæti og jafnrétti.

Ísland á að vera samfélag jafnaðar þar sem búið er svo um að allar vinnufærar hendur hafi kost á því að stunda atvinnu og þeir sem af einhverjum ástæðum geta það ekki fái þá aðstoð sem þeir þurfa. Það er samfélag þar sem allir hafa sama rétt til menntunar og heilbrigðisþjónustu án þess að þurfa að greiða sérstaklega fyrir. Það á að vera samfélag þar sem skattkerfið er nýtt til lífshjúðunar og skattar standa undir almannajónustunni. Allir eiga að hafa jafnan aðgang, óháð efnahag, að þessum grunnþáttum sem samfélag okkar byggir á.

Til þess að hægt sé að byggja upp slíkt samfélag þarf öflugt velferðarkerfi. Það segir sig því sjálfst að í slíku samfélagi eru störf innan almannajónustunnar mjög

mikilvæg. En innan hennar starfar fjöldi fólks sem hefur á síðustu árum þurft að taka á sig miklar byrðar auk skerðingar á starfshlutfalli og launum. Margir finna fyrir auknu álagi í starfi. Stjórnvöldum ber því skylda til að efla almannajónustuna í stað þess að veikja hana frekar og sú efling á að vera forgangsatridi í framtíðarsýn stjórnvalda í efnahags- og atvinnumálum.

Niðurskurður á almannajónustu verður aldrei nema skammtímalausn á fjárhagsvanda ríkisins sem leiðir til aukins kostnaðar fyrir samfélagið allt til lengri tíma. Störf innan almannajónustunnar skapa ekki aðeins fólki atvinnu heldur eflir það öryggisnet sem á að grípa þá sem af einhverjum ástæðum heltast úr

lestinni. Fólkið sem vinnur innan almannajónustunnar er fólkið sem gætir barnanna okkar, menntar og gætir öryggis okkar og hlúir að okkur þegar við veikjumst, svo dæmi sé tekið.

Stjórnvöld verða þess vegna að taka af skarið og sjá til þess að hið mikla álag sem svo margir sem starfa við almannajónustu upplifa nú minnki. Hluti þess að efla velferðina er að huga að aðbúnaði vaktavinnufólks, kanna hagkvæmni á styttingu vinnuvikunnar og stuðla þannig að fjölskylduvænna samfélagi þar sem fólki gefst aukið svigrúm til að huga að því sem skiptir það mestu máli – fjölskyldu sinni og vinum.

Lífskjör fólks verða að batna og það er hlutverk okkar sem erum í forystu verkalýðshreyfingarinnar að þrýsta á stjórnvöld til að svo megi verða. Það þarf að auka kaupmátt, stuðla að frekari jafnrétti þar sem sömu laun fást greidd fyrir sambærileg störf óháð kyni, veita fólki fjölbreyttara val þegar kemur að húsnæðismálum og búa svo um að fólk sjái sér ekki bættari hag í því að flytjast af landi á brott.

Og allt byrjar þetta og endar á almannajónustunni sem er ein allra mikilvægasta undirstaða samfélagsins, bæði sem þjónustuaðili og vinnustaður. Þess vegna er eitt brýnasta verkefni stjórnvalda að efla hana svo að velferðarkerfið geti risið undir hlutverki sínu og sannarlega verið það öryggisnet sem því er ætlað.

*Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB*

## Efnisyfirlit

43. þing BSRB . . . . .	4
Kjarakönnun BSRB . . . . .	8
Stytting vinnutíma . . . . .	12
Aukin þörf fyrir nýtt leiguhúsnæði . . . . .	14
Auka þarf hluta kvenna í stjórnun BSRB . . . . .	16
Kjarasamningar styttingar . . . . .	19
Lúðrasveit verkalýðsins í 60 ára . . . . .	20
Unnið að lausnum í lífeyrismálum . . . . .	22

## BSRB

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja  
Ábyrgðarmaður: Elín Björg Jónsdóttir  
Ritstjóri: Ágúst Bogason  
Hönnun og umbrot: Grafík  
Prentun: Prentmet

Skrifstofa BSRB er á 2. hæð á  
Grettisgötu 89, 105 Reykjavík  
Sími 525 8300 – Fax 525 8309  
Netfang postur@bsrb.is  
veffang www.bsrb.is  
ISSN númer 1670-4137





## Fræðslusetrið Starfsmennt sér um starfstengda símenntun og starfsþróunarverkefni opinberra starfsmanna

### Hvað

#### viltu læra?

- Lífsbraut – þekkingarbrot um samfélagsþróun
- Nám fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum
- Mannauðsstjórnun fyrir millistjórnendur
- Brúarnám félagsliða og heilbrigðisritara
- Þróttur fyrir starfsfólk íþróttamannvirkja
- Markaðssetning vöru og þjónustu
- Starfsnám stuðningsfulltrúa
- Félags- og tómstundanám
- Sérniðið stofnananám
- Viðurkenndur bókari
- Talsmaður breytinga
- Fjarkennt tölvunám
- Fjöldi farandfyrirlestra
- Starfstengd enska
- Verkefnastjórnun
- Þjónustustjórnun
- Skrifstofubraut
- Launaskólinn

### Hvernig

#### viltu þróast í starfi?

- Ráðgjöf um starfsþróun og menntamöguleika
- Aðstoð við gerð mannauðsstefnu
- Innleiðing starfsmannasamtala
- Vinnustaðargreiningar
- Þarfagreining fræðslu
- Náms- og starfsráðgjöf
- Hæfnigreiningar starfa
- Símenntunaráætlanir



LIFUM - LÆRUM

Leitaðu ráða hjá Starfsmennt og við vinnum með þér að nýjum námslausnum. Þjónustan er félagsmönnum flestra aðildarféлага BSRB að kostnaðarlausu.

# Nýjungar á 43. þingi BSRB gáfu góða raun

Þing BSRB fór fram dagana 10. til 12. október á síðasta ári. Þing BSRB eru haldin á þriggja ára fresti til að móta stefnu bandalagsins og kjósa í helstu embætti þess. Alls áttu um 250 félagsmenn aðildarfélaga BSRB sæti á þinginu sem var það 43. í sögu bandalagsins sem jafnframt fagnaði 70 ára afmæli fyrr á árinu. Öflug málefnavinna fór fram alla þingdagana sem birtist í ályktunum þingsins og nýrri stefnu BSRB sem gefin var út í kjölfarið.



Þingið hófst á ávarpi Elínar Bjargar Jónsdóttur formanns BSRB. Elín Björg fjallaði m.a. um mikilvægi samstöðu launafólks til að byggja upp betra samfélag eftir efnahagsþrengingar síðustu ára.

„Samfélagið sem við viljum búa í á að vera samfélag jafnaðar - þar sem búið er svo um, að allar vinnufærar hendur hafi kost á því að stunda atvinnu. Það er samfélag þar sem allir hafa sama rétt til menntunar og heilbrigðisþjónustu án þess að þurfa að greiða sérstaklega fyrir. Það á að vera samfélag þar sem skattkerfið er nýtt til lífjörðununar og skattar standa undir almannaþjónustunni,” var á meðal þess sem Elín Björg sagði í ræðu sinni.

Jóhanna Sigurðardóttir, fráfarandi forsætisráðherra ávarpaði

þingið sömuleiðis og þakkaði BSRB sérstaklega fyrir árvekni í jafnréttismálum í gegnum tíðina og framlag bandalagsins til að auka jafnrétti. Þá sagði forsætisráðherra að starf BSRB í gegnum tíðina hafa verið mikilvægt launafólki landsins: „Ótal framfaraskref hafa verið stigin á þessum sjötíu árum og saman hafið þið og forverar ykkar unnið gríðarlega mikilvægt starf fyrir íslenskt samfélag“.

Að lokinni hefðbundinni setningarathöfn hófst eiginleg vinna þingsins. Unnið var að lagabreytingum, stefnu þingsins og ályktunum þess. Vinnan fór að mestu fram í hinum ólíku nefndum auk þess sem sérstakar málstofur voru haldnar á þinginu í fyrsta skiptið. Það fyrirkomulag mæltist vel fyrir hjá

fulltrúum þingsins sem voru um 250 talsins og komu frá aðildarfélögum BSRB af landinu öllu.

## Góð reynsla af málstofum þingsins

Málstofurnar voru fjórar talsins og fjölluðu um stöðu heimilinna, umhverfismál, velferðarmál og jafnréttismál. Fór mikil og góð umræða fram í málstofunum þar sem öllum þátttakendum var gefið færi á að taka þátt í umræðunum. Gestir með sérþekkingu á hverju sviði fyrir sig voru fengir til að halda erindi á málstofunum, standa fyrir svörum og leiða þær umræður sem þar áttu sér stað. Hverri málstofu var síðan skipt niður í smærri hópa sem skiluðu loks af sér niðurstöðum sem stjórn BSRB hefur síðan tekið til úrvinnslu.



Þingfulltrúar voru almennt á því að þetta nýja fyrirkomulag hefði gefið góða raun. Þeir sem hafa sótt þingið oft en einu sinni voru margir hverjir sammála um að með þessu móti hefði umræðan orðið dýpri, vettvangur fyrir skoðanaskipti hefði verið betri og að fleirum hefði jafnframt gefist kostur á að taka þátt í almennum umræðum. Þannig hafi í reynd fleiri verið virkjaðir til þátttöku í starfi bandalagsins og gefinn kostur á að hafa áhrif á stefnu bandalagsins.

### Stefna BSRB

Eitt af meginhlutverkum þinga BSRB er að móta áherslur og stefnu bandalagsins til næstu starfsára. Sú nýbreytni var á þinginu að þessu sinni að unnið var að formlegri stefnu BSRB. Undanfarin ár hafa

ályktanir bandalagsins gegnt eins konar hlutverki stefnu BSRB en að þessu sinni var unnið að sérstöku stefnuskjali sem gefið var út að þinginu loknu.

Skiptist stefnan í nokkra kafla sem fjalla um almannaþjónustu, atvinnumál, heilbrigðismál, húsnæðismál, jafnréttismál, kjaramál, lífeyrismál skattamál, umhverfismál og vinnuvernd. Henni er ætlað að vera einskonar yfirlit yfir stefnu bandalagsins í helstu málaflokkum og leiðarljós fyrir starfið næstu þrjú árin. Stefnu BSRB má nálgast á prentformi á skrifstofu BSRB og aðildarfélaganna auk þess sem hana er að finna í heild sinni á vef bandalagsins bsrb.is.

### Ályktanir þingsins

Þótt að sérstök stefna hafa verið

samþykkt sendi þingið jafnframt frá sér nokkrar ályktanir sem sömuleiðis má nálgast á heimasíðu BSRB. Ályktanirnar fjölluðu m.a. um kjaramál, atvinnumál, afnám verðtryggingar, umhverfismál, jafnréttismál og lífeyrismál. Í ályktun þingsins um kjaramál sagði m.a. að „nú þegar verði farið í vinnu er miðar að styttingu vinnuvikunnar í 36 stundir og að lögfest verði að full vinnuvika vaktavinnufólks verði 80% af vinnutíma dagvinnufólks“.

Í sömu ályktun er fjallað um launamun á milli landshluta, kynja og einnig almenna og opinbera vinnumarkaðarins: „Innan almannaþjónustunnar starfar fjöldi fólks sem hefur á síðustu árum þurft að taka á sig meiri byrðar auk skerðingar á starfshlutfalli



og launum. BSRB krefst þess að stjórnvöld búi svo um að störf innan almannajónustunnar verði samkeppnisfær við önnur störf, hvort sem þau eru á innlendum eða erlendum markaði svo koma megi í veg fyrir frekari þekkingarflotta úr landinu.“

Í ályktun þingsins um jafnréttismál kom m.a. fram að vinna við styttingu vinnuvikunnar yrði að fara af stað nú þegar auk þess sem kynbundinn launamunur verði upprætur. Launamunurinn hefur verið nokkuð í umræðunni undanfarið eftir að ný kjarakönnun BSRB leiddi í ljós 13,1% óútskýrðan launamun á milli kynja. Í ályktuninni segir: „43. þing BSRB krefst þess að kynbundnum launamun verði útrýmt með auknu fjármagni og aðgerðum nú þegar.

Það er algert forgangsverkefni stjórnvalda, atvinnurekenda og verkalyðshreyfingarinnar“.

Nánar má lesa um kynbundinn launamun og kjarakönnun BSRB á öðrum stað í blaðinu. Einnig er vert að benda á að allar ályktanir 43. þings BSRB má nálgast á vef bandalagsins auk þess sem þær hafa verið gefnar út í sérstökum bæklingi sem nálgast má að á skrifstofu BSRB og á skrifstofum aðildarfélaga þess.

### Kosningar í embætti BSRB

Á lokadegi þingsins fóru kosningar í embætti BSRB fram þar sem Elín Björg Jónsdóttir var endurkjörin formaður með 93,5% greiddra atkvæða. Þá var kosið til framkvæmdastjórnar BSRB. Árni Stefán Jónsson, formaður SFR-

stéttarfélags í almannajónustu, var endurkjörinn fyrsti varaformaður og Garðar Hilmarsson, formaður Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, annar varaformaður. Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, hlaut kosningu til áframhaldandi starfa sem ritari BSRB.

Þá var Snorri Magnússon, formaður Landsambands lögreglumanna, kjörinn gjaldkeri og kemur hann nýr inn í framkvæmdastjórn bandalagsins í stað Þuríðar Einarsdóttur, formanns Póstmannafélags Íslands, sem gaf ekki kost á sér til áframhaldandi starfa í framkvæmdastjórn. Ofantaldir skipa því framkvæmdastjórn BSRB til næstu þriggja ára ásamt formanni BSRB.

„Í ályktun þingsins um jafnréttismál kom m.a. fram að vinna við styttingu vinnuvikunnar yrði að fara af stað nú þegar auk þess sem kynbundinn launamunur verði upprætur.“

## Úr ályktunum 43. þings BSRB

„43. þing BSRB krefst þess að kynbundnum launamun verði útrýmt með auknu fjármagni og aðgerðum nú þegar. Það er algert forgangsverkefni stjórnvalda, atvinnurekenda og verkalýðshreyfingarinnar. Óútskýrður kynbundinn launamunur mælist 13% og allt að 19% innan ákveðinna landshluta.“

*-Úr ályktun 43. þings BSRB um jafnréttismál*

„Heilbrigðisstarfsfólk hefur um langt skeið unnið undir gífurlegu álagi og er nú svo komið að starfsmenn þjást af streitu og streituröskun. 43. þing BSRB krefst þess að nú þegar verði stöðugildum fjölgað og laun hækkuð í samræmi við almenna vinnnumarkaðinn svo komið verði til móts við það starfsfólk sem ómannúðlegar byrðar hafa verið lagðar á í langan tíma.“

*-Úr ályktun 43. þings BSRB um heilbrigðismál*

„BSRB krefst þess að nú þegar verði farið í vinnu er miðar að styttingu vinnuvikunnar í 36 stundir og að lögfest verði að full vinnuvika vaktavinnufólks verði 80% af vinnutíma dagvinnufólks.“

*-Úr ályktun 43. þings BSRB um kjaramál*

„Störf innan almannajónustunnar eru einn mikilvægasti hlekkurinn í atvinnulífinu sem skilar þjóðfélaginu miklum arði. Niðurskurður á almannajónustu verður aldrei nema skammtímalausn á fjárhagsvanda ríkisins sem leiðir til aukins kostnaðar fyrir samfélagið allt

til lengri tíma. Þess vegna er brýnt að efla almannajónustuna í stað þess að veikja hana. Efling starfa innan almannajónustunnar á að vera hluti af framtíðarsýn stjórnvalda í efnahags- og atvinnumálum.“

*-Úr ályktun 43. þings BSRB um atvinnumál*

„BSRB krefst þess að ríkissjóður og sveitarfélög hefji án tafar að greiða inn á skuldbindingar sínar við lífeyrissjóði opinberra starfsmanna.“

*-Úr ályktun 43. þings BSRB um lífeyrismál*

„Umhverfisvernd og sjálfbær nýting auðlinda þarf að njóta öflugs stuðnings stjórnvalda, ríkis og sveitarfélaga. Víða hafa opinberir aðilar staðið vel að vitundarvakningu í umhverfismálum og halda verður því starfi áfram og gera enn betur í framtíðinni.“

*-Úr ályktun 43. þings BSRB um umhverfismál*

„Almannajónusta er undirstaða samfélagsins. Það er grundvallaratriði að allir hafi jafnan og öruggan aðgang að almannajónustunni óháð efnahag og búsetu. Aukin kostnaðarþátttaka almennings fyrir almannajónustu er þróun sem verður að snúa við.“

*-Úr ályktun 43. þings BSRB um almannajónustu*



# Helstu niðurstöður launakönnunar BSRB

Á síðasta ári lét BSRB framkvæma heildstæða kjara- og viðhorfskönnun á meðal félagsmanna sinna. Á meðal þess sem könnunin leiddi í ljós var að mikill hluti félagsmanna telur álag í starfi hafa aukist mikið á milli ára. Þá mældist óútskýrður kynbundinn launamunur á landsvísu vera 13,1%. Nú er verið að framkvæma aðra könnun sem gefur BSRB mikilvægan samanburð milli ára. Hér á eftir fylgja helstu niðurstöður launakönnunar BSRB og þær aðgerðir sem gripið hefur verið til í kjölfarið.

Það var Capacent sem að framkvæmdi könnunina fyrir BSRB og alls bærust rúmlega 8 þúsund svör sem gerir svarhlutfall rúmlega 50%. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar vinna félagsmenn BSRB að jafnaði rúmlega 43 klukkutíma á viku. Karlar vinna að meðaltali 46 klukkustundir á viku á meðan konur vinna tæplega 42 tíma.

Meðal grunnlaun innan bandalagsins voru 295.011 krónur á mánuði og miðaðist það við laun í upphafi árs 2012. Meðal grunnlaun karla voru 323.523 á meðan grunnlaun kvenna voru að meðaltali 282.696 krónur á mánuði.

Ef skoðuð eru heildarlaun þá voru þau að meðaltali 363.083 krónur á mánuði á meðal allra

félagsmanna BSRB. Launamunurinn á heildarlaunum milli karla og kvenna mældist mikill en á meðan karlar voru með 448.498 krónur að meðaltali í heildarlaun höfðu konur aðeins 326.142 krónur á mánuði.

Þessar tölur segja þó ekki alla söguna því gjarnan er það svo að karlar vinna lengri vinnudag og eru í hærra starfshlutfalli en konur. Þess vegna var svokallaður kynbundinn launamunur skoðaður sérstaklega og er fjallað um hann hér á eftir.

## Óútskýrður kynbundinn launamunur 13,1%

Óútskýrður kynbundinn launamunur er mældur með þeim hætti að þá er tekið tillit til aldurs, vinnutíma, starfsaldurs, starfsstéttar, menntunar og vaktaálags. Þegar tekið hefur verið tillit til þessa stendur eftir launamunur sem ekki verður skýrður á annan hátt en þann að kyn ráði. Hjá félagsmönnum BSRB á landinu öllu mældist kynbundinn launamunur 13,1% á síðasta ári.

Launamunur innan ákveðinna landshluta er nokkuð ólíkur, frá 10% og alveg upp í nærri 19%. Mestur var hann á Vesturlandi, Vestfjörðum og Suðurlandi eða á bilinu 18,6% til 18,8%. Minnstur var launamunurinn á Austurlandi, 10%. Þessar niðurstöður eru að sjálfssögðu algjörlega óásættanlegar og þess

vegna hefur BSRB haldið áfram að beita sér í opinberri umræðu um jafnréttismál.

## Aðgerðir gegn kynbundnum launamun

Að fengnum niðurstöðum rannsóknarinnar hafa nokkrir atvinnurekendur tekið til endurskoðunar launasetningu sína og kannað hvort launamunur sé á meðal starfsmanna eftir kyni. Erfitt er að leggja mat á hvort slíkar framkvæmdir skili raunverulega jöfnum og réttlátum launum starfsmanna enda er í engu gefið upp hvernig slíkt mat fer fram, hvaða viðmið eru fyrir hendi.

Eitt úrræði sem þróað hefur verið í baráttunni gegn launamun kynjanna er svonefndur jafnlaunastaðall (ÍST 85:2012 Jafnlaunakerfi – kröfur og leiðbeiningar) en hann var gefinn út í desember 2012 af Staðlaráði Íslands. Er það von bandalagsins að sem flestir atvinnurekendur tileinki sér það tæki en staðallinn er grundvöllur vottunarkerfis um launajafnrétti á vinnustöðum.

Settur hefur verið á stofn aðgerðarhópur um baráttu gegn kynbundnum launamun á vegum velferðarráðuneytis með aðilum vinnumarkaðarins og á fulltrúi BSRB þar sæti. Hópurinn hefur m.a. það hlutverk að kynna og veita



fræðslu um staðalinn. Hlutverk aðgerðarhópsins er einnig að; vinna að samræmingu rannsókna á kynbundnum launamun og sinna upplýsingaöflun og ráðgjöf um launajafnrétti kynjanna. Í hópnum sitja aðilar vinnumarkaðarins en formaður hans er Birna Hreiðarsdóttir lögfræðingur innanríkisráðuneyti. Þá mun verða ráðinn starfsmaður hópsins sem heldur utan um daglegt starf hans, framkvæmir og fylgir eftir verkefnum.

### Framkvæmdaáætlun um útrýmingu á launamuninum


Á vegum stjórnvalda hefur einnig verið skipuð nefnd um málefnalegar forsendur við mat á launamun kynjanna og fleira er varðar launamun hjá ríkinu. Sú nefnd hefur það hlutverk að fara yfir skráningu upplýsinga í launakerfi ríkisins og skilgreina hvaða skýribreytur teljast málefnalegar varðandi launamun kynjanna. Jafnframt skal hún skoða formgerð og uppbyggingu kjarasamninga með það fyrir augum að meta að hve miklu leyti

megi rekja kynbundinn launamun til kerfislægra þátta. Þá skal nefndin útbúa leiðbeiningar fyrir forstöðumenn um hvernig beri að bregðast við leiði launagreiningar í ljós kynbundinn launamun. Loks er gert ráð fyrir að nefndin verði velferðarráðuneytinu til ráðgjafar við gerð áætlunar á jafnlaunastaðli. BSRB á fulltrúa í hópnum en aðrir nefndarmenn eru fulltrúar BHM og fjármálaráðuneytisins auk Félags forstöðumanna ríkisstofnana.


### Aðgerðir BSRB

Á aðalfundi BSRB í lok maí n.k. mun bandalagið í fyrsta sinn setja sér framkvæmdaáætlun en þar verður meðal annars fjallað um leiðir sem bandalagið telur að nýtist í baráttunni gegn kynbundnum launamun. Sú barátta er eitt af meginverkefnum BSRB. Félagsstarf bandalagsins

### Álag í vinnu sl. 12 mán.




### Meðal grunnlaun 2012



## Jafnlaunaátak ríkisstjórnarinnar – launamunur kvenna- og karlahópa

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um jafnlaunaátak sem samþykkt var 21. janúar 2013 kemur fram að grípa eigi þegar til aðgerða sem miða að því að minnka launamun meðal ríkisstarfsmanna. Ákveðið var að stíga fyrstu skrefin innan heilbrigðisstofnana. Ákveðið var að verja tilteknu fjármagni til stofnanasamninga heilbrigðisstofnana í anda þessa jafnlaunaátaks. Ástæðan fyrir því að heilbrigðisstofnanir urðu fyrir valinu er sú að úttekt starfshóps fjármálaráðuneytis leiddi í ljós að launamunur karla- og kvennahópa væri hvað mestur hjá þeim stofnunum og þar er jafnframt að finna fjölmennustu kvennahópana. BSRB hefur vegna þessa fundað með Katrínu Júlíusdóttur fjármála- og efnahagsráðherra og Guðbjarti Hannessyni velferðarráðherra, en þar kom fram að átakið muni einkum beinast að heilbrigðisstofnunum þar sem konur eru fleiri en 2/3 starfandi innan viðkomandi starfsgreinar. Þá kom einnig fram að næstu skref fælust í því að aðildarfélög bandalagsins hefji viðræður við umræddar heilbrigðisstofnanir um gerð nýs stofnanasamnings þar sem átakið yrði nánar útfært.

### Heildarlaun 2012



og önnur starfsemi leiðir í ljós að félagsmenn telja þá baráttu eiga að vera eitt af forgangsverkefnum BSRB. Nú er verið að framkvæma aðra kjarakönnun sem gefur BSRB mikilvægan samanburð milli ára. Innan BSRB verður haldið áfram að berjast fyrir því að þessi launamunur verði úr sögunni innan fárra ára.

### Álag í starfi hefur aukist til muna


Álag félagsmanna BSRB var eitt þeirra atriða sem var kannað sérstaklega í viðhorfs- og kjarakönnun bandalagsins. Margir hafa bent á að eftir efnahagshrun hafi starfshlutföll víða verið skert og starfsfólki fækkað á sama tíma og verkefnum sem þarf að leysa hafi fjölgað. Óhjákvæmileg afleiðing þess hljóti að vera aukið álag starfsfólks og sýna mælingar BSRB svart á hvítu að svo sé.

Félagsmenn voru spurðir að

því hvort þeim þætti sem að álag þeirra í vinnu hefði aukist, haldist óbreytt eða minnkað á síðustu 12 mánuðum. Um 63% svöruðu að álag þeirra hefði aukist, 34% tölu álagið svipað á meðan aðeins um 3% töldu álagið hafa minnkað. Það verður svo forvitnilegt að sjá útkomu nýju könnunarinnar til að sjá hvort að fólki meti það svo að álagið hafi síðan aukist enn frekar frá því í fyrra.

BSRB hefur ítrekað vakið athygli stjórnvalda á því mikla álagi sem opinberir starfsmenn hafa fundið fyrir í störfum sínum allra síðustu ár. Á meðal þeirra aðgerða sem BSRB hefur farið fram á að stjórnvöld kanni sérstaklega eru leiðir til sem stuðla að betri samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Lesa má um það sérstaklega á öðrum swérstaklega yfir málefni vaktavinnufólks og athuganir á hagkvæmni þess að stytta vinnuvíkuna.

## Kynbundinn launamunur Heildarlaun



## Hvað er óútskýrður kynbundinn launamunur?

Í könnunum á kynbundnum launamun eru borin saman sambærileg störf fólks með sambærilegan aldur, menntun, vinnutíma, starfsaldur og vaktaálag. Þegar tekið hefur verið tillit til þessa stendur eftir launamunur sem ekki verður skýrður á annan hátt en þann að kyn ráði. Sá munur eru kallaður óútskýrður eða kynbundinn launamunur. Þessi munur kemur fyrst og fremst fram í fríðindum, sporslum og óunninni yfirvinnu sem karlar hljóta í mun ríkari mæli en konur.

„BSRB hefur ítrekað vakið athygli stjórnvalda á því mikla álagi sem opinberir starfsmenn hafa fundið fyrir í störfum sínum allra síðustu ár.“

# ÚTIFUNDUR Á INGÓLFSTORGI

**BSRB** hvetur alla félagsmenn til að mæta á baráttufund þann 1. maí og minnir á kaffisamsæti í **BSRB**-húsinu, Grettisgötu 89, að loknum útifundinum á Ingólfstorgi.

## Dagskrá 1. maí hátíðar- haldanna í Reykjavík 2013

Safnast saman á Hlemmi kl. 13.00. Gangan leggur af stað kl. 13.30. Lúðrasveit verkalyðsins og Lúðrasveitin Svanur spila í göngunni og á Ingólfstorgi

### Útifundur á Ingólfstorgi hefst kl. 14.10

#### Fundarstjóri

Þórarinn Eyfjörð.

#### Tónlist

Kvennakór Reykjavíkur  
syngur tvö lög.

#### Ræða

Ólafía Björk Rafnsdóttir  
formaður VR.

#### Tónlist

Jóns Sig með blásurum  
flytur tvö lög.

#### Ræða

Snorri Magnússon, gjaldkeri  
BSRB og formaður Lands-  
sambands lögreglumanna.

#### Tónlist

Barnakór Kársnes-  
skóla syngur 2 lög.

#### Maístjarnan og

„Internationallinn“ sung-  
inn og leikinn.

Ræður verða tákn-  
mál-  
stúlkaðar og Kolbrún  
Vökudóttir syngur á tákn-  
máli með flytjendum.

#### Fundi slitið

kl. 15.00.



**BSRB**

1. maí

# Styttning vinnutíma

BSRB hefur undanfarin ár lagt áherslu á að möguleg hagkvæmni þess að stytta vinnuvikuna verði vandlega athuguð. Vinnutími Íslendinga er talsvert lengri en samanburðarlanda en samt er framleiðni hér minni. Fyrir tilstuðlan BSRB verður skipuð nefnd sem er sérstaklega ætlað að kanna hvort hægt sé að stytta vinnutíma fólks. Með því væri hægt koma til móts við kröfuna um bætt samspil fjölskyldu- og atvinnulífs og jafnvel stuðla að aukinni framleiðni á unnar stundir um leið.

Á síðasta þingi BSRB sem haldið var í október 2012 kom fram skýr krafa félagsmanna bandalagsins um styttingu vinnuvikunnar, bæði hjá fólki í hefðbundinni dagvinnu og ekki síður þeim sem vinna vaktavinnu. Hugmyndin er ekki ný af nálinni en krafan um styttingu vinnuvikunnar var fyrst lögð fram í kjarasamningsgerð BSRB árið 2004. Samninganefndir höfðu ekki erindi sem erfiði en ljóst er að mikill vilji félagsmanna stendur til slíkra breytinga. Þá hefur velferðarráðuneytið fallist á hugmyndir BSRB um að athuganir á hagkvæmni þess að stytta vinnutíma fólks fari fram og standa vonir til að niðurstöðu þeirrar vinnu verði ljósar á næstu misserum.

## Álag aukist til muna

Samanborið við önnur lönd er vinnutími Íslendinga hvað lengstur sem felur í sér aukna hættu á ofþreytu og örorku. Samkvæmt kjarakönnun BSRB meta félagsmenn bandalagsins það sem svo að álag þeirra í starfi hafi aukist mjög mikið á milli ára. Það er líka staðreynd að undanfarin ár hefur öryrkjum fjölgað til muna og sömuleiðis þeim sem eru lengi frá vinnu vegna ofþreyttu og álags.

Samkvæmt tölum frá Alþjóðavinnuálastofnunni (ILO) vinna Íslendingar meira en flestar þjóðir í Vestur-Evrópu, þ. á m. allar hinar Norðurlandþjóðirnar.

Flestar þær þjóðir sem við berum okkur saman við hafa hærri framleiðni og minni vinnutíma. Niðurstað er því sú að Íslendingar vinna lengur en afkasta minna. Þegar framleiðni og vinnutími eru skoðuð á meðal þróuðustu landanna má sjá skýr tengsl milli vinnutíma og framleiðni. Þau lönd sem almennt vinna meira hafa jafnframt lægri framleiðni.





## Breyttar áherslur

Í nýlegri skýrslu ráðgjafarfyrtækisins McKinsey um hagvaxtarhorfur Íslands kom fram að eitt af helstu verkefnum Íslands væri að bæta framleiðni landsins. Með styttingu vinutímans mætti slá tvær flugur í einu höggi, bæta framleiðni hagkerfisins og veita fólki aukinn frítíma.

Rannsóknir sýna að yfir 120 ára tímabil hafa raunlaun í stærstu þróuðu löndunum hækkað nánast tífalt. Á sama tíma hefur vinnutími dregist saman um helming. Því má segja að almenningur hafi til langs tíma kosið að njóta aukinnar hagsældar bæði með aukinni neyslu og meiri frítíma.

Í kjölfar efnahagshrunsins hafa kröfur félagsmanna BSRB orðið enn meira áberandi um mikilvægi styttingu vinnuvikunnar. Forgangsröðunin er önnur en fyrir hrun og er afleiðingin sú að fjölskyldan er í forgrunni. Þannig sjá félagsmenn bandalagsins það sem mikilvægt verkefni að vinnuvikan verði stytta.

Þrátt fyrir að fjölda vinnustaða reyni eftir fremsta megni að hafa vinnutíma sveigjanlegan valda t.d. opnunartímar skrifstofa eða vaktakerfi vinnustaða því að erfitt er að mæta kröfum um fjölskylduvænan vinnustað. Til að mæta þörfum þeirra starfsmanna er nauðsynlegt að breytingar á vinnutíma séu teknar samtímis á fjölda vinnustaða t.d. með kjarasamningsgerð. Þannig er einnig samþættað við aðra starfsemi svo sem menntakerfið, dagvistun o.s.frv.

## Kröfunni verður fylgt eftir

Á síðasta ári skipuðu stjórnvöld starfshóp sem aðilar vinnumarkaðarins og fulltrúi Jafnréttisstofu sitja í um samþættingu fjölskyldu og atvinnulífs. Hópurinn hafði meðal annars það verkefni að kanna hagkvæmni styttingu vinnuvikunnar. Í ljósi annarra verkefna taldi hópurinn verkefnið of viðamikilið og sendi velferðarráðherra bréf þar um. Í kjölfarið hefur bandalagið átt í viðræðum við velferðarráðherra um hvernig megi fylgja verkefninu eftir með öðrum hætti. Stjórnvöld hafa m.a. sýnt mikinn vilja og skuldbundið sig til að láta slíka athugun fara fram og staðfesti það með bréfi til bandalagsins í tengslum við kjarasamningsgerð árið 2011.

Niðurstaðan er að skipaður verður sérstakur starfshópur á vegum stjórnvalda sem hefur það verkefni eitt að kanna hagkvæmni styttingar vinnuvikunnar. BSRB vonast til að niðurstöður þeirrar vinnu liggi fyrir á næstu misserum. Hver svo sem niðurstaða þeirra athuganna verður mun bandalagið halda kröfu sinni uppi í komandi kjarasamningum og fylgja málinu eftir.

# Þörfin fyrir nýtt leiguhúsnæði eykst mikið

Könnun BSRB sýnir að mikill fjöldi fólks vill eiga þess kost að leigja húsnæði í stað þess að eiga. Höfuðáhersla í umræðunni undanfarið hefur verið lögð á málefni þeirra sem eiga sitt húsnæði á meðan málefni leigjenda hafa setið á hakanum. BSRB vill fyrst og fremst auka á fjölbreytni í húsnæðismálum enda sýna rannsóknir að þörfin fyrir leiguhúsnæði er mikil og á eftir að aukast enn frekar á komandi árum.

Umræða um stöðu heimilanna hefur verið fyrirferðamikil síðustu árin og sérstaklega nú síðustu vikur í aðdraganda kosninga. Mikill áhersla hefur verið lögð á niðurfellingu og leiðréttingu skulda vegna húsnæðislána. Umræður um breytt húsnæðiskerfi hafa einnig ratað inn í umræðuna. Allt þetta er góðra gjalda vert og BSRB styður heilshugar aðgerðir sem miða að því að leiðrétta húsnæðisskuldir þeirra sem verst urðu úti í kjölfar efnahagshrunsins. Hins vegar finnst bandalaginu að málefni þeirra sem leigja húsnæði í stað þess að eiga hafa orðið útundan og hefur BSRB því lagt nokkra áherslu á að koma sjónarmiðum þess hóps á framfæri.

## Sífelld fleiri vilja leigja

Samkvæmt svörum í síðustu kjara og viðhorfskönnun BSRB kom skýrt fram að þörfin fyrir leiguhúsnæði er mjög mikil og að framboðið er ekki að anna eftirspurn. Samkvæmt svörum könnunarinnar er mikill fjöldi fólks sem getur vel hugsað sér að færa sig úr eigin húsnæði yfir á leigumarkaðinn. Af svarendum í könnuninni bjuggu aðeins um 11% í leiguhúsnæði en samt sem áður sögðust 27% vel geta hugsað sér að vera leigumarkaðnum. Það sem vakti mesta athygli var sú staðreynd að af þeim sem í dag búa í eigin húsnæði sögðust 22% þeirra geta hugsað sér að leigja næst þegar skipt yrði um húsnæði ef búsetuöryggi þeirra í leiguhúsnæðinu væri tryggt.

Staðan í dag er þannig að mikill skortur er á leiguhúsnæði hvort sem er á höfuðborgarsvæðinu eða landsbyggðinni. Leigan er mjög dýr, leigumarkaðurinn er mjög óskipulagður og fæstum gefst kostur á að leigja húsnæði nema til skemmri tíma. Könnun BSRB sýnir svo glögglega að til viðbótar við þá sem þegar eru á leigumarkaði gætu margir sem í dag

eiga sitt húsnæði hugsað sér að leigja í framtíðinni. Það segir sig því sjálfst að þörfin fyrir leiguhúsnæði í dag er mikill og á enn eftir að aukast á komandi árum.

## Óflugt leigukerfi óháð félagslegum úrræðum

Það hefur verið stefna BSRB um árabíl að efla leigumarkaðinn hér á landi og búa þannig um að það sé raunverulegur og varanlegur möguleiki að búa í leiguhúsnæði. Það er jafnframt skoðun bandalagsins að leigukerfið eigi að vera óháð félagslega húsnæðiskerfinu því þörfin fyrir leiguhúsnæði nær langt út fyrir þann hóp. Kannanir BSRB sýna að fólk vill hafa fjölbreyttara val þegar kemur að búsetuformi, hvort sem það þarf á félagslegum úrræðum að halda eða ekki.

Fram til þessa hefur höfuðáherslan verið lögð á séreignarstefnuna sem hefur verið ríkjandi í húsnæðismálum á Íslandi og ef marka má áherslur flestra stjórnmalaflokka fyrir kosningarnar virðist það lítið vera að breytast. Öll áhersla hefur verið á að rétta hlut þeirra sem búa í eigin húsnæði sem kemur

óneitanlega niður á þeim sem kjósa að vera á leigumarkaði. Þar fyrir utan eru fjölmargir sem hreinlega hafa ekki efni á að fjárfesta í húsnæði og neyðast til að vera á leigumarkaði. Lítil villi virðist vera hjá stjórnmalaflokkunum til að gera nokkuð fyrir þann hóp og vill BSRB að bætt verði úr því.

### Jafna verður stuðning

Eitt af því sem að BSRB barðist fyrir á síðustu árum var að auka jafnræði á milli búsetuforma. Fulltrúi bandalagsins tók m.a. þátt í vinnuhópi sem lagði drög að nýju húsnæðisbótakerfi. Þar er gert ráð fyrir að leigu- og vaxtabætur verði lagðar niður en í stað þeirra teknar upp svokallaðar húsnæðisbætur sem yrðu þær sömu óháð því hvort fólk leigi eða eigi sitt húsnæði. Slík breyting myndi fela í sér aukin stuðning við leigjendur en kerfið hefur ekki enn komist að fullu til framkvæmda. Slíkt kerfi myndi jafna fjárhagslegan stuðning hins opinbera

milli þeirra sem leigja eða eiga sitt húsnæði. Ein afleiðing slíks kerfis gæti einnig verið að enn fleiri gætu hugsað sér að færa sig úr eigin húsnæði í leiguhúsnæði. BSRB tekur það mikið réttlætismál að slíku kerfi verði komið á hið fyrsta til að jafna stuðning við þessa tvo hópa.

### Frekari rannsókna þörf

Rannsóknir á leigumarkaði á Íslandi hafa líka verið af skornum skammti og raunþörf fyrir leiguhúsnæði hér hefur ekki verið skoðuð almennilega, þótt það hafi aðeins verið að aukast allra síðustu misseri. Þar verða ríki og sveitarfélög að koma betur að málum. BSRB hefur líka ítrekað lýst þeim skoðunum sínum að hið opinbera verði að koma frekar að uppbyggingu á nýju og hentugu leiguhúsnæði. Reykjavíkurborg hefur aðeins verið að taka við sér í þessum efnum en þær takmörkuðu upplýsingar sem til eru um leigumarkaðinn á Íslandi

og þörfina fyrir leiguhúsnæði benda allar til þess að hér þurfi að auka framboðið á leiguhúsnæði umtalsvert.

Þörfin fyrir aukid leiguhúsnæði, bæði á höfuðborgarsvæðinu og víða á landsbyggðinni, er greinilega til staðar og mun fara vaxandi. Og sérstaklega skortir langtímaleiguhúsnæði. BSRB mun halda áfram að halda þeim skoðunum sínum á lofti að hér þurfi stóratæk í eflingu leigumarkaðar. Um leið og BSRB styður af heilum hug aðgerðir sem miða að því að leiðrétta húsnæðislán þeirra sem verst urðu verst úti í efnahagshruninu og gera ungu fólki kleift að fjárfesta í sínu fyrsta húsnæði verður að huga að þeim sem standa utan við eignamarkaðinn. Margir þeirra sem eru á leigumarkaði eru þeir sem hafa hvað minnst á milli handanna og á meðan stuðningur opinberra aðila við þá er ekki hinn sami og til annarra er um mikið óréttlæti að ræða.

# Kaffisamsæti BSRB

**BSRB BSRB hvetur alla félagsmenn til að mæta á baráttufund þann 1. maí og minnir á kaffisamsæti í BSRB-húsinu, Grettisgötu 89, að loknum útifundinum á Ingólfstorgi.**

Allir velkomnir!



# Auka þarf hlut kvenna í stjórnnum aðildarfélaga BSRB

Í samræmi við stefnu BSRB um jafnréttismál hefur jafnréttisnefnd bandalagsins unnið að gerð kynjabókhalds sem er gefið út árlega.

Fyrsta kynjabókhalð BSRB var gefið út á kvennafrídeginum 25. október 2010 og er nú gefið út í fjórða sinn 1. maí 2013. Mikilvægt er fyrir BSRB að greina lykiltölur eftir kynjum á helstu sviðum í starfsemi bandalagsins og aðildarfélaganna bæði vegna aðhalds og til að fyrir hendi séu haldbærar upplýsingar til stuðnings stefnumótunar og ákvörðunartöku bandalagsins.

Í kynjabókhalðinu má finna upplýsingar um kynskiptingu félagsmanna, stjórnra aðildarfélaga, stjórnar og skipaðra fulltrúa á vegum BSRB. Einnig hlutföll kynja félags- stjórnar og nefndarmanna aðildarfélaganna, kynjahlutföll tilnefndra fulltrúa nefnda stjórnar og ráða á vegum BSRB. Bandalagið tilnefnir árlega fjölda manns til hvers kyns fulltrúastarfa, s.s. í vinnuhópa eða nefndir innan ráðuneytanna, vegna lífeyrissjóðanna, vinnumarkaðsmála, fræðslumála og í erlent samstarf við önnur heildarsamtök launamanna og má finna kyngreindar upplýsingar þar um. Loks er yfirlit yfir helstu tölur yfir stjórnendur og starfsmenn skrifstofa BSRB og aðildarfélaga.


## Auka þarf hluta kvenna í stjórnun bandalagsins

Kynjabókhalð síðustu ára leiddi í ljós að auka þurfti hlut kvenna í stjórn bandalagsins. Erfitt er hins vegar fyrir BSRB að vinna að


slíkri aukningu enda eru formenn stéttarféлага félagslega kjörnir á aðalfundum félaga. Síðastliðin þrjú ár hafa félagsmenn BSRB verið 69% konur og 31% karlar, en hlutfall kvenna innan stjórnar BSRB var

## Hlutfallsleg skipting innan aðildarfélaga BSRB


Stjórnir aðildarfélaga BSRB




Félagsmenn BSRB



Stjórn BSRB



Félagsmenn BSRB



einungis 41% á móti 59% karla. Í ár varð sú breyting á stjórn BSRB að það fækkaði um eitt aðildarfélag þar sem Starfsmannafélag Seltjarnarness sameinaðist Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar í ársbyrjun. Í ár er hlutfall kvenna innan stjórnar BSRB 39% og 61% karla. Hluttur kvenna fór því minnkandi milli ára. Kynjahlutfall félagsmanna BSRB helst hins vegar




## Hlutfall karla og kvenna innan aðildarfélaga BSRB

Vinnuhópar og nefndir innan BSRB	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur
Alþjóðanefnd	4	5	9	44,4%	55,6%
Fræðslunefnd	1	5	6	16,7%	83,3%
Heilbrigðis- og velferðarnefnd	4	3	7	57,1%	42,9%
Jafnréttisnefnd	2	5	7	28,6%	71,4%
Lífeyrisnefnd	5	4	9	55,6%	44,4%
Réttindanefnd	4	3	7	57,1%	42,9%
Umhverfisnefnd	2	3	5	40,0%	60,0%

## Hlutfallsleg kynjaskipting innan aðildarfélaga 2013 2010

Félög	2013		2010		Mismunur	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur
Félag flugmálastarfsmanna ríkisins	70,3%	29,7%	65,4%	34,6%	4,9%	-4,9%
Félag íslenskra flugumferðarstjóra	77,8%	22,2%	75,5%	24,5%	2,3%	-2,3%
Landssamband lögreglumanna	88,2%	11,8%	87,5%	12,5%	0,7%	-0,7%
Landss. slökkviliðs- og sjúkrafl.m.	98,7%	1,3%	98,3%	1,7%	0,4%	-0,4%
Sjúkraliðafélag Íslands	2,1%	97,9%	2,7%	97,3%	-0,6%	0,6%
Tollvarðafélag Íslands	79,8%	20,2%	79,5%	20,5%	0,3%	-0,3%

### Hlutfall karla og kvenna innan aðildarfélaga BSRB



óbreytt og hefur því verið það sama síðastliðin fjögur ár.


Hlutföll kynja í nefndum er starfa á vegum bandalagsins hefur verið með svipuðum hætti þrátt fyrir að nefndum hafi fjölgað og nýir nefndarmenn hafi verið tilnefndir. Nefndirnar eru nú 7 og er hlutfall kvenna 60% á móti 40% karla. Í fræðslu- og jafnréttisnefnd þarf að auka hlut karla sem er umhugsunarefni fyrir stjórn bandalagsins.

### Kynjahlutföll víðast í samræmi


Hjá flest öllum aðildarfélögum eru kynjahlutföll félagsmanna í samræmi við kynjahlutföll stjórnar og fulltrúa í nefndum og ráðum á vegum félagsins. Það eru þó nokkur félög sem þurfa að hafa hugfast að jafna kynjahlutföllin betur í stjórnun sínum en það eru Póstmannafélag Íslands, Starfsmannafélag Dala- og Snæfellsýslu, Starfsmannafélag Hafnarfjarðar, Starfsmannafélag

## Stjórnir aðildarfélaga BSRB

Stjórnir aðildarfélaga



Tilnefningar aðildarfélaga



Húsavíkur, Starfsmannafélag Mosfellsbæjar, Starfsmannafélag Suðurnesja og Tollvarðafélag Íslands.

Eingöngu eitt félag þyrfti að hafa í huga að jafna kynjahlutföll hjá fulltrúum félagsins í nefndum og ráðum en það er Starfsmannafélag Fjarðarbyggðar. Það eru því jákvæðar breytingar á milli ára því á síðasta ári voru félögin 6 sem þurftu að taka kynjahlutföllin í nefndum og ráðum til athugunar en er nú eitt. Félagsmenn ofangreindra aðildarfélaga eru sérstaklega hvattir til að gefa kost á sér til stjórnar og annarra starfa á vegum aðildarfélaganna til að mæta þessu markmiði.

### Vinnumarkaðurinn enn mjög kynskiptur


Ein af orsökum launamunar kynjanna er kynjaskiptur vinnumarkaður. Líkt og kynjabókhaldið gefur til kynna eru starfsgreinar félagsmanna BSRB mjög kynskiptar þar sem ráðandi er hlutur annars kynsins. Í stéttarfélögum eins og SFR og stéttarfélaga starfsmanna sveitarfélaga er erfitt að ráða í hverju kynskiptingun felst ef forsendurnar eru eingöngu byggðar á upplýsingum um fjölda félagsmanna enda um fjölmörg og ólík störf að ræða. Jafnframt geta starfsmenn þeirra




atvinnurekenda sem um ræðir valið um önnur stéttarfélög en þau sem eru innan BSRB. Innan bandalagsins eru nokkur fagfélög þar sem greina má muninn með auðveldari hætti þar sem flestir sem starfa innan þeirrar starfsgreinar eru þá í sama stéttarfélagi en það eru félög á borð við Félag flugmálastarfsmanna ríkisins, Félag íslenskra flugumferðarstjóra,

### Vinnuhópar og nefndir innan BSRB

Stjórnir aðildarfélaga BSRB



Félagsmenn BSRB



Landssamband lögreglumanna, Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Sjúkraliðafélag Íslands og Tollvarðafélag Íslands.

Hjá Félagi flugmálastarfsmanna ríkisins hefur hlutur kvenna minnkað frá 2010 en hann var þá 35%

en er nú 30%. Hlutur karla hefur að sama skapi aukist úr 65% í 70%. Hið sama má segja um Félag íslenskra flugumferðarstjóra þó breytingin sé minni en þar hefur hlutur karla aukist úr 75% í 78% frá árinu 2010 og hlutur kvenna að sama skapi minnkað úr 25% í 22%. Hjá Landssambandi lögreglumanna er engin breyting milli ára. Hjá Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna er lítil breyting en þar minnkaði hlutur kvenna úr 2% í 1% frá árinu 2010. Hjá Sjúkraliðafélagi Íslands og Tollvarðafélagi Íslands er hlutfall kynja óbreytt frá árinu 2010. Það hafa því litlar breytingar orðið á þeim fjórum árum sem kynjabókhaldið hefur verið framkvæmt.

### Hvatt til aðgerða

Bandalagið hvetur fagfélögin eindregið til að vekja athygli atvinnurekenda þeirra félagsmanna á ofangreindum upplýsingum og hefja viðræður um athugun orsaka þessa og vinna að leiðum til breytinga þar á. Rétt er að benda á að á vegum stjórnvalda hefur verið skipaður aðgerðarhópur um launajafnrétti á vinnumarkaði sem skipaður er aðilum vinnumarkaðarins.

Eitt af hlutverkum þess hóps er að kanna orsakir kynbundins launamunar sem m.a. er kynskiptur vinnumarkaður. Fyrir liggur því vilji stjórnvalda til að greina vandann sem hlýst af kynskiptum vinnumarkaði og er mikilvægt að BSRB leggi sitt á vogarskálarnar innan bandalagsins.

# Kjarasamningar styttir

Samkomulag um styttingu kjarasamninga um tvo mánuði var undirritað fyrr á árinu. Einn veigamesti hluti samkomulagsins er að vinna við nýjan kjarasamning hefjist tímanlega og að vinnubrögð við þá verði bætt. Að frumkvæði BSRB hefur ríkissáttasemjara verið falið að leiða vinnu við bættu umgjörð í kringum kjarasamningsgerð.

Fyrr á árinu undirritaði BSRB fyrirhönd aðildarfélaga sinna samkomulag um endurskoðun kjarasamninga við bæði fjármálaráðuneyti, Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg. Ein helsta nýjung hins nýja samkomulags er að allir aðilar sem að þeim koma eru sammála um að vinna að bættum vinnubrögðum við gerð næstu kjarasamninga. Einnig var lögð

**„Eingreiðsla  
upp á 38.000  
krónur færast  
frá 1. mars  
2014 til  
1. janúar  
2014.“**

áhersla á að vinna áfram að þeim málum sem fram koma í bókunum og fylgiskjölum sem gerðar voru í síðustu kjarasamningum.

## Hvað felur hið nýja samkomulag í sér?

Megin inntak samkomulagsins við fjármálaráðuneyti felur í sér að samningstími kjarasamninga styttest um tvo mánuði líkt og á almennum vinnumarkaði og gildir kjarasamningurinn nú til 31. janúar 2014. Eingreiðsla upp á 38.000 krónur færast frá 1. mars 2014 til 1. janúar 2014. Í endurskoðuðum

samningi við Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg færast gildistími einnig fram um tvo mánuði. Þá var samþykkt að hækka framlög launagreiðanda til annað hvort fræðslu- og starfsmenntasjóða eða styrktar- eða sjúkrasjóða um 0,1%. Við næstu samningsgerð verður metið sjálfstætt og útfært hvernig og til hvaða sjóða þetta viðbótar iðgjald á að renna.

Vinna við nýja kjarasamninga er þegar hafin þó formlegar viðræður við launagreiðendur hafi ekki farið fram enn. Næstu mánuðir verða nýttir til að ljúka þeim verkefnum sem getið var um í framkvæmdaáætlun með síðustu kjarasamningum. Þar á meðal er áframhaldandi vinna við drög að aðgerðum til að uppræta launamun kynjanna, kanna hagkvæmni styttingu vinnuvikunnar, endurskoðun málefni vaktavinnufólks og framhald vinnu um þátttöku stjórnvalda í að koma á varanlegum húsaleigumarkaði á Íslandi.

## BSRB leggur áherslu á bætt vinnubrögð

Það var að frumkvæði BSRB sem að farið var í þá vinnu að bæta umgjörð kjarasamningsviðræðna. Var það mat bandalagsins að þess væri rík þörf eftir reynslu af kjarasamningsgerð síðustu ára. BSRB hefur lagt mikið upp úr því að nýr kjarasamningur taki við um leið og eldri samningar renna úr gildi en það hefur ekki alltaf verið raunin. Sú staða hefur komið upp að kjarasamningar séu lausir jafnvel svo mánuðum skipti og það eru vinnubrögð sem BSRB sættir sig ekki lengur við. Stjórnvöld

og heildarsamtök launafólks á vinnumarkaði hafa tekið undir þessar kröfur BSRB og hefur ríkissáttasemjara verið falið að halda utan um verkefnið.

Markmiðið er að fara yfir hvernig bæta má vinnubrögð allra aðila sem að kjarasamningsgerð koma sem mun leiða til bætari kjara handa félagsmönnum BSRB. Þegar



hefur ríkissáttasemjari staðið fyrir ráðstefnu þar sem fulltrúar stéttarfélaga og launagreiðenda á Norðurlöndum hafa miðlað áfram af sinni reynslu. Þá hafa fulltrúar íslenska vinnumarkaðarins sótt Norðurlöndin heim til að fræðast um hvernig kjarasamningsgerðinni er háttað þar. Vonir standa til að þessi vinna muni skila sér þegar við gerð næstu kjarasamninga.

# Lúðrasveit verkalýðsins í 60 ár

Lúðrasveit verkalýðsins var stofnuð þann 8. mars 1953 og fagnaði því nýverið 60 ára afmæli sínu. Sveitin hefur verið á flugi síðustu misserin og er nýkomin heim úr tónleikaferðalagi um N-Ameríku. Eins og venjulega verður LV í einu aðalhlutverkanna á 1. maí hátíðarhöldunum sem framundan eru. Hér á eftir er stiklað á stóru í sögu sveitarinnar.

Aðdragandann að stofnun Lúðrasveitar verkalýðsins má rekja til klofnings sem kom upp í röðum verkalýðssamtakanna sem gerði það að verkum að bitist var um þær tvær lúðrasveitir sem þá voru starfandi í Reykjavík. Kom þá upp sú hugmynd að stofna sérstaka „verkalýðslúðrasveit“. Allt hófst þetta með tveggja manna tali þeirra prentara Stefáns Ögmundssonar og Haraldar Guðmundssonar þann 13. febrúar 1953, þar sem þessi hugmynd var fyrst rædd. Fór svo að undirbúningsfundur fyrir stofnun sveitarinnar var haldinn á heimili Sigursveins D. Kristinssonar þann 1. mars og viku síðar, þann 8. mars, var svo stofnfundur lúðrasveitarinnar haldinn á sama stað.

## Starfsemi sveitarinnar í miklum blóma

Stofnfundinn sóttu fimm hljóðfæraleikarar, en auk þeirra höfðu átta lýst vilja til að verða félagar og teljast því stofnfélagar sveitarinnar 13 talsins. Guðmundur Norðdahl klarinettuleikari hafði samið drög að lögum sveitarinnar og segir þar um markmið sveitarinnar að það sé að „efla tónmennt meðal verkalýðsins, leika á útifundum í kröfugöngum og á öðrum samkomum alþýðunnar.“

Ekki fór nú svo að lúðrasveitin væri

tilbúin til spilamennsku 1. maí þetta sama ár, en fyrstu spor sín steig hún þann 5. maí það ár. Alla tíð síðan hefur sveitin hins vegar leikið í fararbroddi í kröfugöngum 1. maí, allt til dagsins í dag.

Lúðrasveitin hefur alla tíð átt gott samstarf við verkalýðshreyfinguna. Að

verkalýðsfélög á landsbyggðinni, sér í lagi með fjölmörgum ferðalögum í gegnum tíðina þar sem sveitin hefur tekið þátt í hátíðarhöldum sjómannaþingsins, m.a. í Grindavík, Vestmannaeyjum, Neskaupstað, Bolungarvík, Grundarfirði og síðast í Ólafsvík.



sama skapi er með sanni hægt að segja að ekki stæði starfsemi sveitarinnar í jafn miklum blóma og raun ber vitni nema fyrir einstakan stuðning verkalýðshreyfingarinnar. Sveitin hefur ávallt verið tilbúin að spila við öll möguleg tækifæri hjá verkalýðsfélagunum, hvort heldur er á kaffisamkomum 1. maí ár hvert, í kröfugöngum eða jafnvel fyrir utan Karphúsið til að hraða samningsviðræðum!

Þá hefur LV einnig ræktað samband við

## Sveit stækkar og eflist

Lúðrasveitin hélt sína fyrstu tónleika í Austurbæjarbíói árið 1970. Tónleikahald var stopult framan af, en frá síðari hluta áttunda áratugar hafa verið a.m.k. árlegir tónleikar að vori og oftast en ekki einnig hausttónleikar. Á fyrstu áratugum sveitarinnar þótti gott ef náðist í 15-20 hljóðfæraleikara til að spila á tónleikum. Gekk líka á ýmsu á fyrstu tónleikum sveitarinnar og ekki var óþekkt að

stjórnandi þyrfti að slá af í miðju verki og byrja upp á nýjan leik. Sveitin eflidist mikið á níunda áratugnum og var algengur fjöldi hljóðfæraleikara þá í kringum 50 talsins. Í sveitinni núna eru starfandi um 60 spilarar.

## Útgáfur og efstu sæti

Árið 1989 gaf Lúðrasveitin út sína fyrstu hljómplötu sem ber hið skemmtilega nafn Lúðrapytur. Ekki urðu vínplöturnar fleiri en tæplega 20 árum síðar tók LV þátt í einstaklega skemmtilegu verkefni með rokkhljómsveitinni 200.000 Naglbítar. Í desember 2008 kom út geisladiskur með tónlist Naglbítanna útsett fyrir lúðrasveitina og Naglbítana. Jafnframt fylgdi með hálf tíma heimildarmynd um verkefnið. Diskunum var svo fylgt eftir með útgáfutónleikum haustið 2008, bæði á Akureyri og í Reykjavík. Í kringum áramótin 2008/2009 reis ef til vill frægðarsól sveitarinnar sem hæst þegar hljómsveitin fékk mikla spilun í útvarpi og komst m.a. í 1. sæti vinsældarlista Rásar 2.

## Stjórnendur og erlendum árangur

Fjölmargir stjórnendur hafa komið að starfi sveitarinnar í gegnum tíðina. Sá fyrsti, einn af stofnfélögnum, var Haraldur Guðmundsson prentari og tónlistarmaður. Á eftir honum komu í rétttri tímaröð þeir Jón Ásgeirsson, Jón S. Jónsson, Björn Guðjónsson, Sigursveinn D. Kristinsson, Ólafur L. Kristjánsson, Ellert Karlsson, Jóhann T. Ingólfsson, Malcolm Holloway, Tryggvi M. Baldvinsson, Snorri Heimisson og síðast en ekki síst, núverandi stjórnandi, Kári Húnfjörð Einarsson.

Húsnæðismál LV voru framan af með nokkrum ósköpum og sveitin oft í húsnæðishraki. Lúðrasveitin fékk fyrir velvilja inni á fjölmörgum stöðum, en staldraði gjarnan stutt við á hverjum stað. Árið 1974 varð bylting í húsnæðismálum sveitarinnar þegar hún náði samningum um kaup á foheldu risi við götu sem í dag heitir Þórunnartún, en hét lengst af öðru nafni, Skúlatún. Salur þessi var svo innréttaður hægt og bítandi, eftir því sem efni leyfðu, og hefur allt frá kaupárinu 1974 verið fast aðsetur sveitarinnar.

Lúðrasveitin hefur í gegnum tíðina farið í fjölmargar tónleikaferðir til útlanda. Fyrsta ferðin var farin á tónlistarmót í Noregi árið 1977. Tvívegis fyrir hrun

**Lúðrasveit verkalýðsins skipar ákveðinn sess í sögu BSRB. Sveitin hefur alltaf brugðist vel við kalli okkar um leika tónlist sína við hin fjölbreyttustu tækifæri og á þessum tímamótum vil ég nota tækifærið og þakka sveitinni kærlega fyrir samstarfið, samvinnuna og alla gleðina sem hún hefur veitt okkur í þau 60 ár sem hún hefur starfað.**

**Verkalýðshreyfingin getur líka dregið lærdóm af starfi Lúðrasveitar verkalýðsins. Vel spilandi lúðrasveit byggist fyrst og fremst upp á samvinnu. Þar koma margar ólíkar sálir saman, hver með sinn hæfileika og sitt hlutverk en allir með sameiginlegt markmið. Til að það markmið náist verður að hlusta á það sem hinir hafa fram að færa, spila í takt og í sátt við félagana sína.**

**Aðeins þannig getur við hámarkað árangurinn. Vel samstillt lúðrasveit gefur frá sér mun hærri og fegurri hljóm enn margir einstaklingar sem eru að spila sitt hvort lagið. Sameinuð, samæfð og samtaka náum við besta árangrinum, hvort sem við erum hljómsveit að flytja tónverk eða verkalýðshreyfing að berjast fyrir bættum hag launafólks. Lykilatriði er að allir stilli sig við sama tón í upphafi og leiki saman sem einn maður.**

**Fyrir hönd BSRB vil ég þakka ómetanlegt starf Lúðrasveitar verkalýðsins þessi 60 ár sem að baki eru og óska ég sveitinni alls hins besta á komandi árum og öldum.**

*Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB.*

Múrsins fór LV austur fyrir járnþjald – fyrst til A-Þýskalands árið 1986 og síðar til Tékkóslóvakíu árið 1989. Árið 1986 hélt sveitin ennfremur eftirminnilega tónleika í Tívoli í Kaupmannahöfn. Á síðari árum hefur sveitin svo einnig farið í tónleikaferðir til Danmerkur, Finnlands, Sviss, Rússlands og Bandaríkjanna.

## Minnisstæðir tónleikar

Þegar litið er um öxl er hægt að minnast margra merkra viðburða þar sem lúðrasveitin kom við sögu. Fyrst skal auðvitað nefna 1. maí kröfugöngur, þjóðhátíðarhöld á 17. júní og skruðgöngur á sumardaginn fyrsta. Ósjaldan hefur sveitin verið fengin til að spila þjóðsöngva við komur erlendra þjóðhöfðingja. Þjóðhátíðirnar á Þingvöllum 1974 og 1994 eru minnisstæðar, sem og Kristnihátíðin árið 2000. Vígsla Flugstöðvar Leifs Eiríksson árið 1986, vígsla Kringlunnar árið 1987 og 200 ára afmælishátíð Reykjavíkurborgar árið 1986. Listinn er ansi langur, sem m.a. sést á því að sum árin hefur sveitin komið fram allt að fimmtíu sinnum. Tvívegis tók Ríkisútvarpið upp sjónvarpsþátt með LV og enginn hefur tölu á þeim fjölmörgu útvarpsupptökum sem til eru með leik sveitarinnar. Ekki má svo gleyma einni erfiðustu spilamennsku LV þegar spilaðir voru sorgarmarsar við komu kistu Guðrúnar Katrínar forsetafrúr við afar erfiðar aðstæður á Keflavíkflugvelli.

## Nóg framundan

Mikið verður um að vera hjá sveitinni núna á afmælisárinu. Sveitin hélt sérstaka afmælistónleika í Ráðhúsi Reykjavíkur 10. mars. Dagskrá afmælistónleikanna var öll tileinkuð dansi að þessu sinni, þ.e. öll lög sem flutt voru bera orðið dans í nafni sínu. Á tónleikunum voru einnig kallaðir til leiks eldri félagar til aðstoðar í einhverjum lögum. Um páskana hélt sveitin svo í tónleikaferð til Kanada, nánar tiltekið til Toronto, og í kjölfarið tón LV þátt í Barnamenningarhátíð Reykjavíkurborgar og hélt m.a. tónleika í Eldborgarsal Hörpu af því tilefni. Eftir það er framtíðardagskrá sveitarinnar aðeins óráðin, en þó standa vonir sveitarinnar til þess að hún verði þátttakandi í Menningarnótt Reykjavíkur með sérstakri sögugöngu í tilefni 60 ára afmælisins.

# Áfram unnið að lausnum í lífeyrismálum

Á undanförunum árum hafa stjórnvöld forðast að taka á þeim vanda sem uppi er varðandi lífeyrismál opinberra starfsmanna. Heildarsamtök opinberra starfsmanna vinna þó áfram af fullum hug að því að leysa vandann ásamt stjórnvöldum þótt ríkið hafi ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart opinberu lífeyrissjóðunum. Hér er farið yfir stöðu mála í lífeyrismálunum.

Í stöðugleikasáttmála aðila vinnumarkaðarins, ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga sem gerður var í júní 2009 sameinuðust aðilar sáttmálans um ákveðin markmið. Markmiðin þjóna þeim tilgangi að vinna þjóðina úr þeim vanda sem varð við efnahagshrunið 2008. Meðal þeirra atriða sem samið var um var málefni lífeyrissjóða í 9. gr. sáttmálans. Þar segir m.a. að ríkisstjórn, sveitarfélög og aðilar vinnumarkaðarins munu í sameiningu taka lífeyrismál og málefni lífeyrissjóða til umfjöllunar. Farið verður yfir málin frá grunni án skuldbindinga og fjallað um framtíðarsýn í þessum málaflokki.

## Ekki verði hróflað við áunnum réttindum

Við kjarasamningsgerð 2011 lýstu fulltrúar

ríkisstjórnar því yfir í bréfi til BSRB að ríkisstjórninni væri ljóst að skuldbindingar ríkisins vegna B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins hafi ekki verið fjármagnaðar þannig að deildin geti staðið að fullu undir framtíðarskuldbindingum sínum. Óhjákvæmilegt sé að brugðist verði við með raunhæfum hætti vegna umræddra skuldbindinga og áfram unnið að greina þær leiðir sem færar eru í því tilliti.

Þá var ítrekað fyrirheit

fjármálaráðherra um að ekki verði

hróflað við áunnum

réttindum opinberra

starfsmanna í LSR og

að allar breytingar

á lífeyrismálum

verði unnar

í fullu

samráði við

samtök þeirra.

Ríkisstjórnin tók

einnig undir afstöðu

BSRB um að

lífeyrisréttindi eru

mikilvægur hluti

af kjörum opinberra

starfsmanna. Ef komi

til samræmingar á lífeyrisréttindum á opinberum og almennum vinnumarkaði er óhjákvæmilegt að endurmeta starfskjör opinberra starfsmanna. Stjórnvöld eru reiðubúin til að hefja það samráð þannig að ráðrúm gefist til að skilgreina sameiginleg úrlausnarefni og hvernig þau verði leyst vel og tímanlega.

## Starfshópar um málefni LSR og LSS

Í kjölfarið voru skipaðir nokkrir starfshópar fulltrúa frá opinberum starfsmönnum og ríkinu. Vinna þeirra fer fram samhliða vinnu að samræmingu lífeyrisréttinda á vettvangi þeirra nefndar sem fæst við það verkefni og BSRB á aðild að.

Hóparnir sem skipaðir hafa verið í kjölfarið vegna viðræðna fjármála- og efnahagsráðherra og heildarsamtaka launafólks á opinberum vinnumarkaði um málefni LSR og LSS eru fjórir.

Fyrsti hópurinn hefur það hlutverk að skoða B-deild sérstaklega. Hópurinn gerir ekki ráð fyrir breytingum á B-deild LSR þótt samið verði um breytt framtíðarkerfi, enda hefur deildin verið lokað frá árinu



# B

1997. Hún telur brýnt að gerð verði áætlun um það með hvaða hætti skuldbindingum ríkisins vegna B-deildar verði mætt.

Annar hópurinn hefur það hlutverk að útfæra hvernig nýtt lífeyriskerfi fyrir allan vinnumarkaðinn verður tekið upp hjá lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna. Hópurinn skal setja fram tillögur um hvernig sú aðlögun á sér stað. Líkt og við breytingu lífeyriskerfisins árið 1997 þarf að tryggja að réttindi sjóðfélaga verði sambærileg, hvort sem þeir tilheyra gamla eða nýja kerfinu.

Þriðji hópurinn fer helst með það hlutverk að útbúa verklýsingu fyrir Hagstofuna eða annan óvillhallan aðila sem fenginn verður til að annast launasamanburðinn og setja fram tillögur um hvernig launaleiðréttingin á sér stað í nútíð og framtíð samkvæmt breyttu lífeyriskerfi. Aðilar hópsins eru sammála um að ef lífeyriskjör í nýju kerfi verði verðminni en áður þurfi að mæta slíkum mun í launum. Jöfnun lífeyrisréttinda kallar líka á að laun opinberra starfsmanna verði jöfnuð á við laun á almennum vinnumarkaði. Margar starfsstéttir

## Ríkisvaldið hefur ekki greitt það sem því ber inn í B-deild

Í ársbyrjun 1997 tóku gildi breytingar á lögum LSR og sjóðnum var skipt í tvær deildir, A- og B-deild en áður virkaði sjóðurinn nánast sem gegnumstreymissjóður. Með gegnumstreymissjóði er átt við að lífeyrisþegum er greiddur beint út lífeyrir af samtímatekjum þeirra sem eru vinnandi.

Áhvildum skuldbindingum sjóðsins var komið fyrir í B-deild og henni lokað fyrir nýjum félögum.

Ríkisvaldið hefur hins vegar ekki greitt það sem því ber inn í B-deildina og því hefur safnast þar upp skuld. Það var val launagreiðandans, ríkisvaldsins, að nota það fé í önnur verkefni; um það höfðu opinberir starfsmenn ekkert að segja. Mikilvægt er að hafa í huga að B-deildin á fyrir skuldbindingum sínum til árunna 2023-2025. Hefjist reglulegar innágreiðslur nú þegar, er um að ræða 7-8 milljarða króna á ári þar til sjóðurinn hefur verið gerður upp.

eru nánast eingöngu í þjónustu hins opinbera og því þarf að meta hvaða forsendur eigi að liggja til grundvallar við launasamanburð milli markaða.

Fjórða hópnun er ætlað að annast útfærslu á nýju kerfi og þar með meta hvaða breytingar þurfi að gera á umgjörð og lögum sem nú gilda um LSR. Hópurinn á að taka mið af niðurstöðum hópa tvö og þrjú.

### Samræming lífeyrisréttinda

Helstu tillögur að samræmingu lífeyrisréttinda á almennum og opinberum vinnumarkaði eru eftirfarandi. Hækkun iðgjalda á almennum vinnumarkaði til samræmingar iðgjalda á opinberum vinnumarkaði. Að opinberu sjóðirnir taki upp aldurstengt ávinnskjerfi í stað jafnrar réttindaávinnslu, enda er sambærileg réttindaávinnsla forsenda eðlilegs flæðis starfsfólks

# A

## A-deild

var stofnuð við breytingarnar 1997. Þangað greiða nýir sjóðfélagar, 16 ára og eldri, sem taka laun samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna og starfa hjá ríki, sveitarfélögum, hjá skyldum eða sambærilegum launagreiðendum. A-deildin er stigastjóður sem byggir á fullri sjóðsöfnun.

## B-deild

er eldra réttindakerfi LSR og var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum í árslok 1996. Sjóðfélagar sem greiddu til B-deildar í árslok 1996 áttu áfram rétt til aðildar. Þeir, sem kusu að flytja sig yfir í A-deild, eiga áfram geymd réttindi í B-deild sem er að mestu gegnumstreymissjóður en byggir að hluta til á sjóðsöfnun.

milli vinnumarkaða. Sömuleiðis verði lífeyrisaldur opinberra starfsmanna hækkaður úr 65 árum í 67 ár til samræmis við lífeyrisaldur annarra á vinnumarkaði. Þar sem lífslíkur munu halda áfram að aukast næstu áratuginna þarf að tryggja að kerfið leiðrætti sig sjálf og lífeyrisaldur taki breytingum í samræmi við breyttar lífslíkur.



# Félagsmálaskóli alþýðu

Félagsmálaskóli alþýðu er starfræktur af Alþýðusambandi Íslands og BSRB. Hlutverk hans er að auka þekkingu talsmanna stéttarféлага og efla þá í starfi til þess að þeir séu betur í stakk búnir að vinna að bættum lífsskjörum launafólks.

## Starf og þjónusta skólans

Félagsmálaskólinn skipuleggur námskeið og fræðslu út frá þörfum og aðstæðum aðildarféлага fyrrgreindra sambanda. Þá er í boði ráðgjöf fyrir stéttarfélag varðandi uppbyggingu fræðslu og hvernig þau geta nýtt sér hana til að efla og móta starfið.

## Félagsmálaskólinn býður upp á námskeið fyrir:

- Trúnaðarmenn
- Stjórnarmenn
- Starfsfólk stéttarféлага

*Á hverri önn eru sérhæfð námskeið í boði fyrir alla talsmenn stéttarféлага. Á þeim er lögð áhersla á hefðbundna félagslega fræðslu. Jafnframt er boðið upp á námskeið sem taka á mállefnum sem eru í brennidepli hverju sinni. Stéttarfélög geta pantað námskeið til að móta starf og stefnu og styrkja talsmenn sína.*



Félagsmálaskóli  
alþýðu